


BOÐ Á KYNNINGARFUND

Í Norræna húsinu 26. nóvember kl. 12.



Í tilefni af útkomu bókarinnar: HOLDAFAR – hagfræðileg greining eftir Tinna Laufeyju Ásgeirsdóttur býður Lýðheilsustöð til kynningarfundar í Norræna húsinu í hádeginu 26. nóvember. **Fundurinn hefst stundvíslega kl. 12.**

Dagskrá

- 12-12:05 Heilbrigðisráherra, Guðlaugi Þór Þórðarsyni, afhent eintak.
12:05-12:25 Fyrirlestur, *Tinna Laufey Ásgeirsdóttir*
12:25-12:45 Panelumræður, *Inga Þórsdóttir*, formaður manneldisráðs, *Gylfi Zoëga*, hagfræðiprófessor, *Erlingur Jóhannsson*, prófessor
12:45 Fyrirspurnir
Fundarstjóri: *Þórólfur Þórlindsson*, forstjóri Lýðheilsustöðvar

Ofþyngd er heilsufarskvilli sem hrjáir meirihluta fullorðinna Íslendinga. En hvaða hagfræðilegu áhrif á samfélagið hafa þeir lifnaðarhættir sem orsaka þennan kvilla? Í maí 2005 fól Lýðheilsustöð dr. Tinna Laufeyju Ásgeirsdóttur, heilsuhagfræðingi, að gera úttekt á offituvanda Íslendinga, orsökum hans og mögulegum úrlausnum. Bókin *Holdafar – hagfræðileg greining* er afrakstur þeirrar vinnu.

Höfundur bókarinnar, Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, er doktor í hagfræði. Hún hefur umsjón með meistaranámi í heilsuhagfræði í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands auk þess sem hún starfar sem sérfræðingur við Hagfræðistofnun skólans.

Símar: 525454 og 865 0821

netfang: ta@hi.is